

Mál nr. 133/2017

og

vátryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.**Gildissvið undanþáguákvæðis vátryggingarskilmála vegna ágreinings við skattyfirvöld.****Gögn.**

Málskot, dags. 6.4.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 18.4.2017.

Tölvupóstur lögmanns M dags. 25.4.2017.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi fengið bætur á árinu 2012 vegna fallréttinda (vatnsréttinda) sem fylgdu jörð hans á Jökuldal skv. sérstakri lagaheimild vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Fyrir andvirði bótanna keypti M íbúð og kveðst hafa fengið ráðgjöf frá endurskoðanda um að sú kaup væru til þess fallin að fresta skattskyldu á ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum í skilningi 4. mgr. 15. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Skattyfirvöld gerðu athugasemdir við skattframtal M þessa efnis og skv. úrskurðum bæði ríkisskattstjóri og yfirsattanefndar hefur því verið hafnað að hægt sé að líta á kaup á umræddri íbúð með þeim hætti að þau fresti skattskyldu. M hyggst höfða mál til þess að fá þeirri niðurstöðu hnekkkt og hefur krafið V um bætur vegna málskostnaðar úr þess háttar vátryggingu fjölskyldutryggingar hans hjá V.

V hefur hafnað greiðsluskyldu með vísan til undanþáguákvæðis gr. 25.9 þar sem segir að vátryggingin greiði ekki málskostnað „vegna ágreining sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar“. V vísar til þess að umrætt undanþáguákvæði sé skýrt og þar sem hann snúist um hvernig eigi að skattleggja bótagreiðslur sem hann fékk vegna fasteignar sinnar þá eigi ákvæðið við. V vísar einnig til úrskurða nefndarinnar í málum 368/2015 og 455/2015.

M telur að ágreiningurinn snúist hins vegar um túlkun á skattalögum og skyldu hans til að greiða skatt en ekki fasteignina sem slíka. M bendir á að ákvörðun um bótaskyldu eigi ekki að geta byggst á því sem hann keypti fyrir bótagreiðslu, enda hafi hann allt eins getað keypt hlutabréf eða aðrar eignir og átt í sama ágreiningi við skattyfirvöld þess vegna.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum vegna málskostnaðartryggingar M kemur fram að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 25 í vátryggingarskilmálum kemur fram að vátryggingin taki til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi skv. nánar tilgreindum skilyrðum. Í vátryggingunni eru síðan nokkuð víðtækar takmarkanir á bótasviði sem tilgreindar eru meðal annars tilgreindar í gr. 25.2-25.12. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningur M við skattyfirvöld varði í grunninn skattalega meðferð bóta sem hann fékk vegna eignarhalds á fasteign (jörð) og hvort kaup á annarri fasteign (íbúð) geti frestað skattskyldu slíkra bóta. Samkvæmt skýru undanþáguákvæði gr. 25.9 í vátryggingarskilmálum V kemur fram að félagið greiði ekki málskostnað vegna mála sem varða vátryggðan sem eiganda fasteignar. Ágreiningur M við skattyfirvöld tengist tveimur fasteignum í hans eigu og hefði hann vart komið til nema M hefði fengið greiddar þær bætur sem hann telur sig geta frestað skattskyldu á og M hefði ekki fengið slíkar bætur nema vegna eignarhalds á umræddri fasteign (jörðinni). Verður því að teljast ljóst að undanþáguákvæði gr. 25.9 í vátryggingarskilmálum eigi við atvik málsins og V stætt á því að bera það fyrir sig.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskylduþryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.